



Reykjavík, 27. apríl 2026
PON25100026

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja vinnu á útboði og innleiðingu á nýrri DAM lausn Reykjavíkurborgar - trúnaður

Á fundi stafræns ráðs þann 22. apríl 2026. var lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 17. apríl 2026, um heimild til að hefja vinnu á útboði og innleiðingu á nýrri DAM lausn Reykjavíkurborgar ásamt trúnaðarmerktri heimildarbeiðni og fylgiskjölum sbr. 10. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykkti verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi.

Tillagan var samþykkt.

Trúnaður er um efni heimildarbeiðnarinnar þangað til útboð hefur farið fram.

Óskar Þór Þráinsson tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík



Reykjavík, 17. apríl 2026
PON25100026

Til stafræns ráðs

Efni: Heimild til að hefja vinnu á útboði og innleiðingu á nýrri DAM lausn Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að fara í útboð og innleiðingu á nýrri DAM (e. digital asset management) lausn fyrir Reykjavíkurborg. Um er að ræða stafrænt gagnasafn fyrir ljósmyndir, myndbönd, teikningar og hljóðupptökur. Með nýrri lausn verður innleiddur einn samræmdur vistunarstaður fyrir allt stafrænt myndefni Reykjavíkurborgar þar sem meðal annars er hægt að nýta sjálfvirkni og gervigreindartækni til að gera efnið (t.a.m. teikningavef borgarinnar) aðgengilegri fyrir alla notendur.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON tilheyrir verkefnaklasa 80019 Upplýsinga- og gagnastýring. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní til desember 2026.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Hjálagt er í trúnaði:

Heimildarbeiðni, dags. 20. apríl 2026, um að hefja verkefnið „Nýtt fjárhagskerfi. Útboð og innleiðing“

Samantekt verkefnaráðs þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 14. apríl 2026

Greinargerð verkefnisins, dags. 20. apríl 2025

Kynningarglæra verkefnisins

Kynningar fyrir verkefnaráð þjónustu- og nýsköpunarsviðs